

Myndhöfundasjóður Íslands

Ársreikningur 2019

Tryggvagötu 17
101 Reykjavík

Kt. 540891-1419

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8
Sundurliðanir	10

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Myndhofundasjóðs Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Myndhofundasjóðs Íslands fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2019, yfirlit um síðostrevni, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi qaqna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Myndhofundasjóði Íslands í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi Myndhofundasjóðs Íslands og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp fyrirtækið eða hækta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:


- * Við greinum og metum hætturnar á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík, 3. júní 2020



Ásbjörn Björnsson
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður.

Aðalstarfsemi sjóðsins er fólgin í að annast hagsmunagæslu á sviði höfundarréttar og innheimta þóknanir fyrir notkun á höfundarétti ásamt því að innheimta fylgiréttargjöld vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni.

Samkvæmt rekstrarreikningi sjóðsins var hagnaður til ráðstöfunar á árinu 2019 kr. 29.294.550. Eigið fé sjóðsins í árslok nam kr. 45.368.516. Á árinu 2019 úthlutaði sjóðurinn styrkjum að fjárhæð kr. 10.750.000.

Þrír starfsmenn störfuðu fyrir sjóðinn á árinu 2019 í hlutastörfum.

Stjórn Myndhöfundasjóðs Íslands staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. júní 2020



Áritun félagskjörins skoðunarmanns

Ég hef yfirfarið ársreikning Myndhöfundasjóðs Íslands, Myndstefs fyrir árið 2019 og sé ekki ástæðu til athugasemda.

Reykjavík, 2. júní 2020



Rekstrarreikningur 2019

Rekstrartekjur	Skýr.	2019	2018
Höfundaréttartekjur	6	46.590.194	21.131.866
Fylgiréttargjöld	7	3.179.910	6.131.923
		<u>49.770.104</u>	<u>27.263.789</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	14.722.525	12.328.183
Annar rekstrarkostnaður	8	6.255.831	5.814.226
		<u>20.978.356</u>	<u>18.142.409</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		28.791.748	9.121.380
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		306.876	440.077
Vaxtagjöld		(39.709)	(1.091)
Fjármagnstekjuskattur		(39.722)	(58.580)
Fjármagnsliðir fylgiréttargjalda		<u>275.357</u>	<u>430.862</u>
		<u>502.802</u>	<u>811.268</u>
Hagnaður til ráðstöfunar		29.294.550	9.932.648
Styrkveitingar			
Verkefnastyrkir		(8.000.000)	(8.000.000)
Ferða- og menntunarstyrkir		(2.100.000)	(2.250.000)
Aðrar styrkveitingar		(650.000)	(2.940.000)
		<u>(10.750.000)</u>	<u>(13.190.000)</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2019	2018
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur		38.954	0
Eignir fylgiréttarsjóðs		12.031.382	19.038.272
Handbært fé		50.112.072	21.660.282
Veltufjármunir samtals		62.182.408	40.698.554

Eignir samtals 62.182.408 40.698.554

31. desember 2019

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2019	2018
Eigið fé			
Fylgiréttarsjóður		1.393.603	875.909
Annað eigið fé		<u>43.974.913</u>	<u>25.948.057</u>
Eigið fé samtals	4	<u>45.368.516</u>	<u>26.823.966</u>

Skuldir

Skammtímaskuldir

Ógreidd höfundaréttargjöld	7.577.497	6.225.435
Ógreidd fylgiréttargjöld	8.168.148	6.679.812
Aðrar skammtímaskuldir	<u>1.068.247</u>	<u>969.341</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>16.813.892</u>	<u>13.874.588</u>
Skuldir samtals	<u>16.813.892</u>	<u>13.874.588</u>

Eigið fé og skuldir samtals **62.182.408** **40.698.554**

Sjóðstreymi 2019

Handbært fé frá rekstri	Skýr.	2019	2018
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		28.791.748	9.121.380
Hreint veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		28.791.748	9.121.380
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur	(38.954)	0	
Skammtímaskuldir	2.939.304	(2.889.899)	
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	31.692.098	6.231.481	
Innborgaðar vaxtatekjur	306.876	440.077	
Fjármagnsliðir fylgiréttargjalda	275.357	430.862	
Greidd vaxtagjöld	(39.709)	(1.091)	
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(39.722)	(58.580)	
Handbært fé frá rekstri	32.194.900	7.042.749	
Fjármögnumnarhreyfingar			
Styrkveitingar ársins	(10.750.000)	(13.190.000)	
Fjármögnumnarhreyfingar	(10.750.000)	(13.190.000)	
Hækjun (lækkun) á handbæru fé	21.444.900	(6.147.251)	
Handbært fé í ársbyrjun	40.698.554	46.845.805	
Handbært fé í árslok	62.143.454	40.698.554	
Skipting handbærs fjár			
Fylgiréttarsjóður	12.031.382	19.038.272	
Myndhofundasjóður	50.112.072	21.660.282	

Skýringar

1. Upplýsingar um sjóðinn

Aðalstarfsemi Myndhöfundasjóðs Íslands er fólgin í að annast hagsmunagæslu á sviði höfundaréttar og innheimta þóknanir fyrir notkun á höfundarétti ásamt því að innheimta fylgiréttargjöld vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni. Lögheimili sjóðsins er að Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákværðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur vegna höfundaréttar innanlands eru færðar til tekna við útgáfu reiknings. Erlendar höfundaréttartekjur, fylgiréttargjöld og aðrar tekjur eru færðar til tekna við greiðslu þeirra til sjóðsins eða þegar engin óvissa er um innheimtu þeirra.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Laun og launatengd gjöld

	2019	2018
Laun	12.087.850	10.197.806
Launatengd gjöld	<u>2.634.675</u>	<u>2.130.377</u>
Laun og launatengd gjöld alls	<u><u>14.722.525</u></u>	<u><u>12.328.183</u></u>

Greidd voru laun til 3 starfsmanna í hlutastörfum en auk þess til 8 stjórnarmanna á árinu. Laun stjórnarmanna námu 2,1 millj kr.

Skýringar

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Fylgiréttarsjóður	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1	875.909	25.948.057	26.823.966
Afkoma ársins	1.142.694	28.151.856	29.294.550
Styrkveitingar	(625.000)	(10.125.000)	(10.750.000)
Eigið fé 31/12	<u>1.393.603</u>	<u>43.974.913</u>	<u>45.368.516</u>

5. Kennitölur

Fimm ára yfirlit helstu lykiltalna:

	2019	2018	2017	2016	2015
Höf.r.tekj. brúttó	52.607.371	24.820.050	36.861.605	27.864.689	23.111.988
Fylgir.tek. brúttó	11.479.495	19.880.304	18.694.290	12.104.663	13.310.895
Hagnaður	29.294.550	9.932.648	19.473.659	7.254.317	6.798.341
Styrkveitingar	(10.750.000)	(13.190.000)	(6.940.000)	(9.040.000)	(8.790.000)
Eigið fé	45.368.516	26.823.966	30.081.318	17.547.659	19.333.342

Sundurliðanir

	2019	2018
6. Höfundaréttartekjur		
Fjölsí	22.217.910	19.598.222
IHM	21.294.779	0
Aðrir innlendir aðilar	7.922.571	3.430.765
Erlendar greiðslur	<u>1.172.111</u>	<u>1.799.063</u>
	52.607.371	24.828.050
Hlutdeild höfunda	(6.040.080)	(3.817.752)
80% hlutdeild Myndstefs	<u>22.903</u>	<u>121.568</u>
	<u>46.590.194</u>	<u>21.131.866</u>
7. Fylgiréttargjöld		
Fylgiréttargjöld ársins innlend	10.422.320	19.041.072
Fylgiréttargjöld ársins erlend	<u>1.057.175</u>	<u>839.232</u>
	11.479.495	19.880.304
Hlutdeild höfunda	<u>(9.183.590)</u>	<u>(15.904.243)</u>
	2.295.905	3.976.061
Hlutdeild Myndstefs vegna höfunda 80%	<u>884.005</u>	<u>2.155.862</u>
	<u>3.179.910</u>	<u>6.131.923</u>
8. Annar rekstrarkostnaður		
Lögfræðiþjónusta/innheimta	0	652.435
Rekstrarsamningur við SÍM	1.005.341	1.200.000
Endurskoðun og reikningsleg aðstoð	1.487.169	1.484.150
Bókhaldspjónusta	1.078.118	607.693
Önnur aðkeypt þjónusta	156.640	0
Tölvukostnaður og forrit	280.764	889.591
Húsaleiga	794.591	0
Sími, Internet og póstburðargjöld	361.453	193.435
Gjalfærð áhöld og tæki	94.192	15.493
Annar skrifstofukostnaður	120.220	142.129
Ferðakostnaður	199.428	0
Gjafir og styrkir	0	14.818
Auglýsingar	22.600	40.621
Starfsmannakostnaður	167.876	65.376
Fundakostnaður	415.751	416.697
Tryggingar	40.114	36.937
Annar kostnaður	<u>31.574</u>	<u>54.851</u>
	<u>6.255.831</u>	<u>5.814.226</u>

Yfirlit vegna fylgiréttargjalda

	2019	2018
Uppruni fjár		
Fylgiréttargjöld sbr. rekstrarreikning.....	3.179.910	6.131.923
Vaxtatekjur ársins	353.023	552.381
	<hr/> 3.532.933	<hr/> 6.684.304
Ráðstöfun fjár		
Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur.....	94.340	137.743
Þóknun Myndstefs.....	2.295.899	3.976.061
Styrkir.....	625.000	940.000
	<hr/> 3.015.239	<hr/> 5.053.804
 Breyting eigin fjár sbr. skýr nr. 4 í ársreikningi.....	 <hr/> 517.694	 <hr/> 1.630.500
 Til ráðstöfunar		
Handbært fé 31/12.....	9.532.492	7.526.462
Ofgreidd fylgiréttargjöld.....	29.259	29.259
	<hr/> 9.561.751	<hr/> 7.555.721
Ógreitt sérgreindum höfundum.....	(8.168.148)	(6.679.812)
 Nettó eign sjóðsins 31/12 sbr. skýr 4 í ársreikningi.....	 <hr/> 1.393.603	 <hr/> 875.909